

47. Bréf dómsmálastjórnarinnar til fjárhagsstjórnar háskólans, um styrk til kennslu í yfirsetufræði handa þeim læknaefnum, sem tekið hafa próf á Íslandi.

1873.
28. maí.

Kirkju- og kennslustjórnin hefir tilkynnt dómsmálastjórninni, að fjárhagsstjórn háskólans sé falið á hendur, að út borga af því fê, sem tilfært er á útgjaldagrein Kommunitetsins l.e. fyrir fjárhagsárið 1872-73 og veitt með fjárákaloðgunum 17. þ.m. fyrir tæð fjárhagsár, 570 rd., sumstæ 450 rd. til þriggja læknisfræðinga á Íslandi, sem hafa notið kennslu í yfirsetufræði á hinni konunglegu fæðingarstofnun í Kaupmannahöfn, og 120 rd. til tveggja íslenzkra læknisfræðinga sem styrk, til þess þeir gæti gengið á spítala hær, með því skilyrði, að þeir legði fram nægan vitnisburð um, að þeir hafi notið þessarar kennslu.

Útaf þessu sendum vær tæða vitnisburði og mælumst til, að fjárhagsstjórn háskólans vili greiða fyrnefnda 570 rd. til aðalfæhirlunnar, þar sem tekið mun verða við fênu eptir tilhlutun dómsmálastjórnarinnar, og það talið með tekjum Íslands.

Fyrnefnda vitnisburði búumst vær við að fá aptur.

48. Bréf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um endurgjald handa embættismönnum fyrir kostnað við póstsendingar.

17. júní.

Í bræfi, dagsettu 24. apríl þ. á., hafið þær, herra landshöfðingi, með því eigi sé tiltekin á áætlun um tekjur og útgjöld Íslands á reikningsárinu frá 1. aprílm. til 31. desbrm. 1873 neín sérstök upphæð, til þess að greiða íslenzkum embættismönnum endurgjald fyrir kostnað þann, sem leiðir af því, að tekið er af að flytja nokkuð kauplaust með póstum, borið upp þá fyrirspurn: hvort ætlazt sé til, að endurgjald þetta skuli goldið af því fê,

1873.
17. júní.

sem í 10. gr. áætlunarinnar er tiltekið til óvissra útgjalda, sem uppá kunna að koma.

Útaf þessum gefum vör yður til vitundar, yður til leiðbeiningar, að greiða megi tæð útgjöld af fyrnefndu fê á yfirstandanda reikningsári, og felum vör yður því hërmeð á hendur vald til, að láta borga hlutaðeigandi embættismönnum upphæðir þær, sem þeir kunna að eiga tilkall til útaf þessu, úr jarðabókarsjóðnum, og mælumst vör til að fá innan loka reikningsársins yfirlitsskýrslu um, hversu miklu fê hafi verið varið til þessa.

27. júní.

49. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um styrk til kennslu ómála barna¹.

Útaf uppástungu nokkurri, sem þær, herra landshöfðingi, sem stiptamtmaður yfir Íslandi hafið gjört ásamt biskupinum í bræfi 6. marz þ. á., um, að veita megi Páli presti Pálssyni á Prestbakka hinn sama styrk og á reikningsárinu, sem leið, til heyrnar- og málleysingja kennslu þeirrar, sem hann hefir stofnað á Íslandi, hefir kirkju- og kennslustjórnin skrifazt á við dómsmálastjórnina, og þar eptir veitt sækjandanum fyrir reikningsárið frá 1. aprílm. til 31. desbrm. 1873 15 rd. styrk fyrir hvern heyrnar- og málleysingja, sem hann hefir til kennslu, en eigi handa fleirum en 10, og má taka styrk þennan af því fê, sem tilfært er í 10. grein í áætlun um tekjur og útgjöld Íslands á fyrnefndu reikningsári. Þessi styrkur er eins og áður bundinn við það skilyrði, að Páll prestur Pálsson skuldbindi sig til, að kenna uppa eiginn kostnað hæfum manni aðferð við kennslu heyrnar- og málleysingja, svo framarlega sem stiptsyfirvöldin kynni að leggja honum það fyrir og þegar að því kemur.

¹) Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands, II., 322.